



SKÓGRÆKT  
RÍKISINS

SKÓGARVÖRÐURINN Á VESTURLANDI  
SÍMI SKÓGARKOT, PVERÁRHLÍÐ, MÝR.  
PÓSTHÓLF 57, 310 BORGARNES.

05-67-85

Á R S S K Ý R S L A

skógarvarðarins á Vesturlandi 1983.



## SKÓGRÆKT RÍKISINS

SKÓGARVÖRÐURINN Á VESTURLANDI  
SÍMI SKÓGARKOT, ÞVERÁRHlíÐ, MÝR.  
PÓSTHÓLF 57, 310 BORGARNES.

### 1. VEÐURFAR.

Tíðarfar var mjög óhagstætt allt árið. Veturinn var mjög snjóbungur og vorið kalt. Síðast snjóaði í Norðtunguskógi 2. júní og fyrsta næturfrost var 18. júlí. Sumarið var einstaklega úrkomusamt og kalt. Í Stykkishólmi mældist þetta sumar hið fimmta kaldasta frá því að mælingar hófust, en það var 1845.

### 2. Vöxtur og þrif.

Skógur hér um slóðir var fulllaufgaður kringum 17. júní, og lauffall í byrjun október.

Vöxtur var lítill og fræfall sama og ekkert.

Barrskógur var mjög gulleitur um vorið, en náði sér svolítið þegar leið á sumarið. Síðari hluta október gulnaði hann svo aftur snögglega.

Rjúpa gerði talsverðan usla í græðireitnum í Norðtunguskógi.

### 3. STARFSFÓLK.

Útgerðin byrjaði 31. maí, og lengst af störfuðu hér 4 piltar og 3 stúlkur auk ráðskonu og verkstjóra. Sláttar frí var gefið að venju frá 28/7 - 10/8. Tveir grisjunarmenn fóru um Vesturland og Vestfirði á vegum skógræktarféлага og unnu þeir gott verk.

### 4. GIRÐINGAR.

Girðingar fóru víða illa vegna snjóalaga um veturinn. Að vanda var farið með flestum girðingum. Lokið var við að girða vesturhlið girðingarinnar um Jafnaskarðsskóg, tæpl. 3 km, og er nú girðingin loksins fjárheld. Girðingin er mjög vönduð og stendur að mestu leyti á klöpp.

Í júní var gengið frá samningum við landeigendur í Ystutungu um friðun eftirtalinna jarða: Stóruskóga, Stapasels, hluta Jafnaskarðs, hluta Hreðavatns, Laxfoss, Litlaskarðs, Grafarkots og Stórugrafar. Innan girðingarinnar verða um 2500 ha, og er verulegur hluti þess gott skógræktarland. Byrjað var að girða á merkjum Stóruskóga, og giðingu að Gljúfurá lokið, um 3 km.

Þá girti Vegagerð ríkisins meðfram veginum að norðanverðu frá Bifröst að Munaðarnesi.

Eins og sjá má af þessu yfirliti, fór sumarstarfið að verulegu leyti í girðingarvinnu.



## SKÓGRÆKT RÍKISINS

SKÓGARVÖRÐURINN Á VESTURLANDI  
SÍMI SKÓGARKOT, PVERÁRHÍLD, MÝR.  
PÓSTHÓLF 57, 310 BORGARNES.

### 5. Grisjun og jólatré.

Nokkuð var grisjað í Norðtunguskógi, Arnbjargarlækjarskógi og Jafnaskarðsskógi. Eins og áður er getið leiðbeindi ég grisjunarflokki um Vesturland og Vestfirði.

Útlit barrtrjáa var um haustið afar lélegt, en toppar og greinar voru seld fyrir kr. 12.125.-. Engin jólatré.

### 6. Græðireitur.

Eins og áður er getið gerði rjúpan mikinn usla í reitnum. Stefnt er að því að leggja hann niður að mestu, og veldur því fleira en rjúpan. Hann hefur reynst hin mesta frosthola, og er því ekki hægt að rækta nema fáar tegundir með viðunandi árangri. Seldar voru plöntur fyrir Kr. 59.985.-.

### 7. Gróðursetning.

Í Norðtunguskóg voru gróðursettar 10.260 stafafurur og 4000 lerki. Land Skógræktar ríkisins er nú sem sagt þrotið. Hefur verið rætt við forráðamenn K.B. um að yfirtaka hluta af landi því, sem þeir hafa á leigu, og ráða ekki við, en áhugi virðist ekki fyrir því að svo stöddu.

### 8. Hirðing plantna.

Borið var á jólatrésgróðursetningu í Jafnaskarðsskógi og stafafuru í Norðtunguskógi, alls tæplega 1 tonn. Aðeins mátti sjá litarbreytingu undir haustið, en svo gulnaði allt aftur. Sennilega er það þessi mikla úrkoma ásamt kuldanum, sem því hefur valdið.

### 9. Byggingar.

Engar nýjar byggingar reistar.

### 10. Vélar og verkfæri.

Sett var dieselvél í rússajeppann, og hefur sú ráðstöfun reynst vel. Þá eignaðist stofnunin Zetor dráttarvél (sjá síðar) lítið notaða og í ágætu ásigkomulagi, fyrir utan það að annað dekkið er rífið.

### 11. Ferðalög.

Helstu ferðalög fyrir utan Mýrasýslu voru þessi:

- 1.-2. júní Ferð með Snorra Sigurðssyni um Dali og A.-Barð.
- 13.14 " Ferð um Barðastrandasýslur.
- 19.-20. " Ferð í Strandasýslu.
- 28.-29. " Ferð með grisjunarmönnum í Stykkishólum.
- 22.-27 júlí " " " um Vestfirði.
- 28.-29. " Ferð með Sig. Blöndal og Sveinb. Dagfinnss. um Barðastr., s.
- 14.-17. ágúst Um Djúp og Dali með grisjunarmönnum.
- ~~25.-29. " Aðalfundur SKÓGRÆKTAR~~



## SKÓGRÆKT RÍKISINS

SKÓGARVÖRÐURINN Á VESTURLANDI  
SÍMI SKÓGARKOT, PVERÁRHÍÐ, MÝR.  
PÓSTHÓLF 57, 310 BORGARNES.

25.-28. ágúst Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands í Dölum.

30-31. " Ferð um Snæfellsnes.

12. Ýmislegt.

Á árinu barst Skógrækt ríkisins á Vesturlandi vegleg dánargjöf. Ragnar Pálsson, bóndi í Árbæ, arfleiddi stofnunina að hálfum Árbæ og Hvítsstöðum í Álftaneshreppi. Hvítsstaðir er víðáttu mikil jörð og víða skógi vaxin. Mýrlendi er þar mikið og kjörið til þess að reyna plæg-  
ingar og gróðursetningu í stórum stíl. Jörðinni fylgja veruleg veiði-  
hlunnindi í Langá, sem löngum hefur verið í tölu bestu laxveiðiáa lands-  
ins. Zetor dráttarvél fylgdi gjöfinni. Síðast en ekki síst fylgdi dánar-  
gjöfinni veruleg fjárupphæð. Skógrækt ríkisins mun þakka þessa veglegu  
gjöf með því að hefja skógrækt á jörðinni strax og aðstæður leyfa.

*Haukur Pálsson*